

9. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

Í stað 1. og 6. gr. í lögum 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, koma eftirfarandi greinar:

1. gr.

(1. gr. laga 3. nóv. 1915).

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett til Alþingis við kosningar í sjerstökum kjördæmum allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa óflekkað mannorð, hafa ríkisborgararjett hjer á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram.

2. gr.

(6. gr. laga 3. nóvbr. 1915).

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár.

Greinargerð.

Þar sem þess er að vænta, að frumvarp það til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands, er samþykkt var á Alþingi 1919, verði endursamþykkt á Alþingi 1920, hefir þótt rjett að koma þegar fram með ofanritað frumvarp til laga um breyting á lögum 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, til þess að kosningalögin geti sem fyrst orðið í samræmi við stjórnarskrána, þegar hún nær staðfestingu konungs.